

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 92/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 22. júlí 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.24%. Þegar litið er til þeirrar mælingarskekkju, sem orðið getur við rannsókn blóðsýnishorna, og þess eðlilega magns „reducerandi“ efna í blóði manna, annarra en áfengis, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í því tilviki, sem hér um ræðir, aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964, hafi náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Ber því að heimfæra brot hans að því er ölvunarakstur varðar undir 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Eins og sakavottorð ber með sér, var hann með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 11. marz 1964, sviptur ökuleyfi ævilangt. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. október 1964, var greindur dómur sakadóms Keflavíkur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Áfrýjun dóms þessa frestaði ekki ökuleyfissviptingu ákærða, er honum var þar gert að þola, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Er því brot hans að þessu leyti réttilega heimfært undir 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 9. nóvember 1962, var ákærði dæmdur í 2.000.00 króna sekt og svipt-

ur ökuleyfi 6 mánuði frá 27. september s. á. fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum. Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 9. nóvember 1944 og var því eigi orðinn 18 ára, er hann framdi brot þetta 25. ágúst 1962. Greint brot hefur því ekki ítrekunarverkun á brot ákærða gegn 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, er ræðir um hér í þessu máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öðru leyti en að framan getur eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til rikissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Jóhann Guðbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til rikissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. febrúar 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, útgefinni 9. janúar 1965, gegn Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni rör-lagninganema, Austurgötu 22, Keflavík, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964 undir áhrifum áfengis og þá sviptur ökuréttindum bifreiðinni Ö 839 tvívegis milli Samkomuhúss Njarðvíkur og Keflavíkur og um götur þar í bæ, unz ákærði ók bifreiðinni á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnar-

götu og yfirgaf bifreiðina án þess að tilkynna slysið lögreglu. Hemlar bifreiðarinnar voru eigi í fullkomnu lagi.

Telst þetta varða við 4. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, fæddur í Hafnarfirði 9. nóvember 1944, og hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1961	13/3	í Keflavík:	Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
—	14/6	- —	Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
—	9/11	- —	Dómur, 2000 kr. sekt, sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 27/9 1962 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964	11/3	- —	Dómur, varðhald í 15 daga, sviptur ævilangt ökuréttindum frá 23/6 1963 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
Ömerktur í Hæstarétti þann 21/10 1964.			

Málavextir skulu nú raktir:

Þriðjudaginn 19. maí 1964 barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um, að bifreiðinni Ö 839 hefði verið ekið á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnargötu og mundi ökumaður, ákærði í máli þessu, hafa verið ölvaður.

Er lögreglan kom á staðinn, var ökumaður Ö 839 farinn þaðan, en bar að von bráðar sem farþegi í bifreið, sem lögreglan stöðvaði vegna bilunar á ökuljósum. Var ákærði þá allmikið ölvaður, en neitaði að hafa ekið bifreiðinni Ö 839. Hann var fluttur til alkóhólrannsóknar, sem síðar sýndi 1,24‰ útfallsfna úr blóði hans.

Við yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa fengið vitnið Björn Aðalsteinsson úr Keflavík til að aka fyrir sig bifreiðinni Ö 839 um kl. 20 kvöldið áður, þar sem ákærði var sviptur ökuréttindum með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 11. marz 1964. Um svipað leyti hefði hann byrjað áfengisdrykkju. Þeir hefðu síðan farið á dansleik í Samkomuhúsi Njarðvíkur ásamt fleira fólki. Er dansleik lauk, kvaðst ákærði hafa reynt að fá einhvern

til að aka bifreiðinni fyrir sig án árangurs. Hann hefði því ekið bifreiðinni að Bifreiðastöð Keflavíkur og til baka að samkomuhúsinu. Þaðan síðan aftur til Keflavíkur um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut og hugðist beygja inn á Tjarnargötu, en rakst þar á ljósastaur. Rakti ákærði áreksturinn til þess, að hemlar bifreiðarinnar hefðu ekki verið í fullkomnu lagi. Ákærði kvað Þráinn nokkurn Sigurðsson og nefndan Björn hafa verið farþega í bílnum og hefðu þeir allir verið ölvaðir. Ákærði sagði þá hafa ýtt bílnum til á götunni, en síðan gengið að Bifreiðastöð Keflavíkur og farið þar í bifreið Bjarna nokkurs Valtýssonar, Ö 795. Þeir hefðu síðan farið aftur á slysstaðinn, en lögreglan stöðvað þá.

Vitnið Björn Aðalsteinsson kveðst hafa hitt ákærða kvöldið áður á Matstofunni Vík. Hann hefði beðið sig um að aka bifreiðinni Ö 839 fyrir sig og vitnið fallizt á það. Þeir hefðu síðan farið á dansleik ásamt fleira fólki í Samkomuhúsi Njarðvíkur. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um frekari ferðir bifreiðarinnar Ö 839 þetta kvöld.

Vitnið Þráinn Sigurðsson kvaðst hafa verið á nefndum dansleik. Er honum lauk, hafi það farið í bíl ákærða og ákærði síðan ekið til Keflavíkur. Ekki kveðst vitnið muna þetta vel sökum ölvunarástands þess, en þeir hefðu þó lent í árekstri á mótum Tjarnargötu og Hringbrautar.

Vitnið Birgir Sigurjónsson frá Reykjavík kveðst kvöldið áður hafa farið í bifreiðina Ö 839, sem ekið var af vitninu Birni. Ákærði og vitnið Þráinn hefðu verið þar fyrir. Ekki kveðst vitnið hafa merkt, að neinn þeirra hefði neytt áfengis. Þeir hafi síðan allir farið á dansleik í Samkomuhúsi Njarðvíkur. Eftir dansleik sá vitnið ákærða undir stýri bifreiðarinnar Ö 839 og hefði það fengið far með bílnum til Keflavíkur. Aðrir farþegar hafi verið nefndur Þráinn og stúlka nokkur. Vitni þetta kveður sér hafa virzt ákærði með áfengisáhrifum. Ákærði hafi ekið til Keflavíkur, um götur þar, nokkuð hratt. Skyndilega hafi hann misst vald á bílnum og lent á ljósastaur. Kveður vitnið þá hafa ýtt bílnum af stað, en síðan forðað sér. Þeir hafi að undanskildum Þráni farið í annan bíl við Bifreiðastöð Keflavíkur og síðan á slysstað, en þar hafi ákærði verið handtekinn.

Vitnið Friðrik Jensson, leigubifreiðarstjóri úr Njarðvíkurhreppi, kvaðst hafa veitt ákærða í máli þessu athygli á bifreiðinni Ö 839 við Samkomuhús Njarðvíkur umrædda nótt. Síðar hafi hann séð bifreiðinni ekið mjög ógætilega norðan Aðalstöðv-

arinnar og sér þá dottið í huð, að ökumaður væri ölvaður. Kveðst vitnið hafa fylgt Ö 839 eftir um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut, en er bifreiðin hafi verið að beygja austur Tjarnargötu hafi ökumaður misst vald á henni og hafnað á ljósastaur. Kveðst vitnið hafa séð ákærða fara undan stýri bifreiðarinnar, sýnilega ölvaðan.

Vitnið Niels Jensen frá Keflavík kvaðst hafa verið farþegi í leigubifreið vitnisins Friðriks og studdi framburð hans.

Skaðabótakrafa kom engin fram í máli þessu.

Svo sem nú er rakið, er sannað, að ákærði ók sviptur ökuréttindum og ölvaður hemlabílaðri bifreiðinni Ö 839 aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964 tvívegis milli Samkomuhúss Njarðvíkur og Keflavíkur og um götur í Keflavík, unz hann ók bifreiðinni á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnargötu og yfirgaf bifreiðina án þess að tilkynna slysið lögreglu eða bíða hennar.

Telst ákærði með þessari háttsemi hafa brotið 4. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umfl. nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengisl. nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir hæfileg 20 daga varðhald.

Svo sem fyrr getur, var ákærði sviptur ökuréttindum með dómi, uppkveðnum hér í sakadómi 11. marz s.l. Dómur þessi var ómerktur í Hæstarétti 21. október 1964, og felldi saksóknari ákæru í því máli úr gildi. Svo sem sjá má af sakavottorði ákærða, var hann sviptur ökuréttindum í 6 mánuði á árinu 1962, og ber nú að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Þá dæmist ákærði og til að greiða allan kostnað sakar þessarar. Hákon Heimir Kristjónsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jóhann Guðbjörnsson, sæti tuttugu daga varðhaldi.

Hann skal sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu þessa dóms að telja.

Hann greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.